SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

# DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Nr. 2687 Síðan 1968 56. árgangur

Fimmtudagur 9. febrúar 2023

Sími 482 1944 · dfs@dfs.is · www.dfs.is
Eyravegi 25 · 800 Selfoss



*Frá vinstri: Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson, Alexandra Rós Jóhannesdóttir og Jón Bjarnason, oddviti. Mynd: Hrunamannahreppur*

## Skóflustungur teknar að byggð á Bríkum

Fyrstu skóflustungurnar að nýju hverfi „Byggð á Bríkum" á Flúðum, Hrunamannahreppi, voru teknar fimmtudaginn 2. febrúar 2023. Lóðum fyrir alls 25 íbúðir við Fannborgartanga, fyrsta áfanga Byggðar á Bríkum, var úthlutað á fundi sveitarstjórnar þann 2. febrúar 2023. Alls bárust 150 umsóknir um þær lóðir sem auglýstar voru. Umsækjendur sem uppfylltu ákvæði reglna um lóðaúthlutun voru 146. Dregið var úr umsóknum. Til vara voru dregin nöfn sem verða boðnar lóðirnar í réttri röð komi til þess að einhverjum þeirra verði skilað á síðari stigum.

Um er að ræða 8 íbúðir í fjórum parhúsum, 8 íbúðir í tveimur fjögurra íbúða raðhúsum, 6 íbúðir í tveimur þriggja íbúða raðhúsum og þrjár lóðir fyrir einbýlishús.

Öllum lóðum var úthlutað en aldrei áður hafa jafn margir sótt um lóðir í Hrunamannahreppi. Er ljóst að mikil eftirspurn er eftir húsnæði í sveitarfélaginu og því mikilvægt að áfram verði haldið við næsta áfanga uppbyggingar í hverfinu.

Það voru allir sveitarstjórnarfulltrúarnir sem munduðu skóflurnar en vegna aðstæðna hafði örlítið verið flett ofan af jarðveginum svo sveitarstjórnarmenn næðu nú að stinga niður skóflu þrátt fyrir harðfrosinn jarðveginn.

Framkvæmdir teljast nú formlega hafnar við gatnagerðina. Annar verkfundur verksins var haldinn 2. febrúar og þar kom fram að tvær búkollur og ein beltagrafa munu verða á svæðinu strax í næstu viku og þar með munu íbúar sem og aðrir sjá þetta áður óbyggða svæði breytast smám saman í lifandi hverfi þar sem vonandi fjöldi íbúa mun búa.

Sveitarstjórnarmenn voru afskaplega ánægðir þegar þeir tóku skóflustungurnar eins og sjá má á meðfylgjandi mynd.

## Bergrós og Annie Mist sigruðu í parakeppni Reykjavíkurleikanna



Selfyssingurinn Bergrós Björnsdóttir og CrossFit-goðsögnin Annie Mist Þórisdóttir sigruðu örugglega í öllum keppnisgreinunum í parakeppni Reykjavíkurleikanna í CrossFit sem sýndir voru í beinni útsendingu á RÚV þann 28. janúar síðastliðinn.

Bergrós, sem er aðeins 15 ára gömul fékk þann heiður að keppa við hlið einnar stærstu Crossfit stjörnu heims. Annie Mist er tvöfaldur heimsmeistari í CrossFit og var það frábært tækifæri og mikil reynsla fyrir Bergrós að keppa með Annie sér við hlið.

Bergrós keppti í unglingaflokki á sínum fyrstu heimsleikum árið 2022 og stefnir ótrauð á að komast aftur í ár.

Nánar verður fjallað um Bergrós í næsta blaði.

## Björgvin ráðinn hótelstjóri Hótel Selfoss



Björgvin Jóhannesson hefur verið ráðinn hótelstjóri Hótel Selfoss. Hann hefur víðtæka þekkingu og reynslu úr atvinnulífinu sem hótelstjóri og stjórnandi. Björvin var hótelstjóri Hótel Kötlu-Höfðabrekku frá 2004-2018, fjármálastjóri Efstadal 2 frá 2018-2022 og nú síðast var hann framkvæmdastjóri Ungmennafélags Selfoss. Björgvin er með B.Sc. gráðu í viðskiptafræði með áherslu á ferðamálafræði frá Háskólanum á Akureyri og MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík.

„Ég er mjög spenntur að taka að mér að stýra þessu glæsilega hóteli. Hér er flottur hópur starfsfólks sem ég hlakka til að vinna með. Selfoss er stöðugt að verða meira aðdráttarafl ferðamanna, bæði innlendra og erlendra, sérstaklega með tilkomu miðbæjarins glæsilega. Hótelið er á besta stað í bænum til að taka á móti þessum ferðamönnum og það er tilhlökkun að sjá til þess að allir njóti dvalarinnar hjá okkur," segir Björgvin Jóhannesson.













## Hrós vikunnar



**Inga Jóna Bragadóttir**
er hrósari vikunnar að þessu sinni:

**Inga Jóna Bragadóttir**

Takk kærlega fyrir þessa áskorun Ingibjörg, gaman að fá að taka þátt í þessum lið.

**Inga Jóna Bragadóttir**

Ég vill hrósa öllu frábæra samstarfsfólkinu mínu í Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri. Þau eru alltaf tilbúin að gera það sem þarf fyrir nemendur okkar svo að þeim líði og gangi sem best í skólanum. Svo eru þau líka bara svo frábær og skemmtileg!

**Inga Jóna Bragadóttir**

Ég vil skora á Rögnu Berg Gunnarsdóttur að koma með hrós í næstu viku :)

**Dagskráin, fréttablað Suðurlands**

Endilega sendu okkur hrósið á netfangið dfs@dfs.is. Ekki væri verra að fá mynd með :)



*Myndlistarmaðurinn Einar Hákonarson byggði og rak fyrstu einkareknu menningarmiðstöð á Íslandi sem hann nefndi Listaskálann í Hveragerði.*

# Það sem bindur okkur saman

Kæru Árnesingar og íbúar á Suðurlandi.

Við fögnum því að á árinu verður Listasafn Árnesinga 60 ára og af því tilefni munum við halda sérstaka afmælissýningu sem ber heitið HORNSTEINN þar sem sýndar verða perlur úr safneigninni. Opnun sýningarinnar verður 11. febrúar og mun Innviðaráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson opna sýninguna formlega klukkan 15:00 þann dag.

Það má vel segja að „lífið sé stutt en listin löng“ eins og Ásgrímur Jónsson segir sjálfur í upptöku sem verður m.a. á sýningunni. Ásgrímur var sjálfur Árnesingur og verður einn sýningarsalur safnsins tileinkaður verkum hans.

En hvað er svona merkilegt við 60 ár, listasöfn og list yfir höfuð?

Listin tengir/umvefur okkur böndum sem eru ólýsanleg, Ásgrímur sagði einnig: „Fegurð lands míns hefur orkað svo sterkt á mig að hún hefur vart látið mig í friði“. Hann eyddi miklum tíma í að fanga fegurðina og voru ótal verk máluð hér á Suðurlandi og verða mörg þeirra til sýnis á sýningunni HORNSTEINN.

Safneign Listasafns Árnesinga býr yfir einstöku samansafni af um það bil 550 listaverkum, allt frá merkustu meisturum íslenskrar myndlistar til atgervisgróskunnar í sveitunum hér í kring. Safnið var stofnað árið 1963 og er þar með fyrsta listasafnið á Íslandi sem tók til starfa utan höfuðborgarinnar. Því verður með réttu haldið fram að Bjarnveig Bjarnadóttir og synir hennar, Loftur og Bjarni Markús, hafi lagt hornsteininn að Listasafni Árnesinga með rausnarlegri gjöf listaverka árið 1963. Verkin voru úr þeirra eigu. Þessi rausnarlega gjöf þeirra samanstóð af 41 listaverki og héldu mæðginin áfram að gefa safninu verk fram til ársins 1986 en taldi safnið þá 75 listaverk. Þarna ber að finna verk merkustu meistara íslenskrar málaralistar á fyrri helmingi tuttugustu aldar: 19 málverk eftir Ásgrím Jónsson og verk eftir Kjarval, Gunnlaug Scheving, Jón Stef-



*Kristín Scheving, safnstjóri Listasafns Árnesinga.*

ánsson og Þorvald Skúlason meðal annarra. Smekkur Bjarnveigar er eftirtektarverður sem og skynbragð hennar á nýja strauma eins og birtist í síðari gjöfum hennar. Hún lagði sig eftir verkum abstraktlistamanna (eftir Hörð Ágústsson og Kjartan Guðjónsson) en lagði líka mikið upp úr að gefa verk eftir íslenskar konur, má hér helst nefna Björgu Þorsteinsdóttur, Þorbjörgu Höskuldsdóttur og Ragnheiði Jónsdóttur.

Bjarnveig Bjarnadóttir (1905-1993) var ættuð af Suðurlandi, móðir hennar var frá bænum Skipum nálægt Stokkseyri og faðir hennar var Skaftfellingur. Móðir hennar og Ásgrímur Jónsson voru systrabörn og hún var þar að auki skyld Einari Jónssyni myndhöggvara í móðurætt. Heimili hennar var þakið listaverkum að því marki sem veggjarými leyfði og var það ekki algengt á þeim árum að einstæðar mæður verðu öllu sparifé sínu í listaverk. Í ræðu sem hún hélt við Lista- og byggðasafn Árnessýslu árið 1974 sagði Bjarnveig: „Þessi málverk eru gefin af heilum hug og með ósk um að gjöfin verði til menningarauka fyrir sýsluna og lyftistöng fyrir komandi kynslóðir.“

Listasafn Árnesinga starfaði á Selfossi fram til ársins 2001. Þá festi safnið kaup á húsnæði Listaskálans* í Hveragerði og hefur verið þar til húsa allar götur síðan.

Tvö hundruð verk úr tré og litlar styttur, ýmist úr marmara eða beini eftir Halldór Einarsson (1893-1977), eru stór hluti safnsins eða um þriðjungur þess. Hann fæddist á bænum Brandhúsum í Gaulverjabæjarhreppi. Tuttugu og níu ára gamall hélt hann vestur um haf og bjó í Bandaríkjunum í fjörutíu og þrjú ár. Hann fluttist aftur heim árið 1965 og fjórum árum síðar ánafnaði hann Listasafni Árnesinga öll verk sín ásamt tíu þúsund Bandaríkjadölum.

Halldór starfaði við tréskurð í Chicago og bjó lengst af á afviknum stað úti í skógi þar sem hann ræktaði með sér áhuga á dýra- og gróðurlífi. „Ég gat talað við þessi dýr – og fuglana líka – og þau skildu mig“, sagði hann síðar í viðtali. Við sýnum verk hans sem afhjúpa fyrir okkur djúpan skilning hans á náttúrunni og andanum.

Kastljósinu mun verða beint að þessum frumkvöðlum – en það er þeim að þakka að Listasafn Árnesinga varð að veruleika. Að auki mun safnið sýna ný verk sem hafa verið gefin safninu síðastliðin árin. Þetta eru m.a. gjafir myndlistarmanna og Íslandsbanka: 2 verk eftir Ásgrím Jónsson en einnig verk eftir Þorbjörgu Höskuldsdóttur, Jóhannes Kjarval, Gunnlaug Scheving, Jón Þorleifsson og Jón Engilberts.

Stefnt er að því að nýta afmælisárið til að lagfæra ramma og verk þar sem þarf, rannsaka og taka nýjar ljósmyndir af verkunum og einnig gefa út sýningarskrá með úrval verka úr safneign.

Það er okkar von, kæru Árnesingar og íbúar á Suðurlandi og aðrir gestir, að þið mætið og fagnið með okkur og upplifið um leið fegurðina í listaverkum okkar allra.

*Kristín Scheving*
*Safnstjóri Listasafns Árnesinga.*

**Sýningin HORNSTEINN mun standa yfir 11.02 - 20.08 2023**

*Ps. Okkur langar að bjóða sérstaklega velkoma þau sem eiga ættir sínar að rekja til þeirra sem ég hef talað um í þessum pistli og einnig öll þau sem hafa unnið við safnið: fyrrum safnstjórar, stjórnarmenn og aðrir. Verið öll innilega velkomin.*



*Söngfuglar og strengjasveit á tónleikum 10. nóvember 2022.*

TÓNLISTARSKÓLI ÁRNESINGA

## HAF OG SJÓMENNSKA

*Þematónleikar 11. febrúar 2023*

**Selfosskirkju** kl. 10:00, 12:30 og 15:00
**Þorlákskirkju** kl. 10:00
**Félagsheimilinu Aratungu** kl. 12:30
**Hveragerðiskirkju** kl. 15:00

Fjölbreytt dagskrá með sjávar- og sjómennskulögum, sungin og leikin á ýmis hljóðfæri.

*Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir!*

## Hannaðu fermingarkortin inni á hönnunarvef Prentmets Odda

**honnun.prentmetoddi.is**

prentmet ODDI heildarlausnir í prentun



UMF SELFOSS 1936

Ágætu íbúar á Selfossi DÓSASÖFNUN Sunddeildar UMFSelfoss

verður laugardaginn næsta 11. febrúar

Þið getið klippt þennan miða út úr blaðinu til að merkja pokana. Vinsamlega setjið pokana nálægt gangstéttinni þannig að þeir verði sýnilegir frá götunni. Vaskir sundiðkendur munu síðan frá 10:30 koma og tína upp pokana.

Kveðja, krakkarnir úr sunddeildinni og stjórnin.

Upplýsingar í síma 861 9105



TM

# Fyrir það sem mestu máli skiptir

Meiri vernd og meira svigrúm til að lifa lífinu til fulls. Kynntu þér líf- og heilsutryggingar TM á tm.is.

**Líf- og heilsutryggingar**

# Leikskólinn Álfheimar

Álfheimar eru leikskóli staðsettur á horni Sólvalla og Reynivalla á Selfossi á svokölluðu Eikatúni sem kennt var við Eirík Bjarnason sem bjó á Reynivöllum 9.

Áherslur í öllu starfi okkar eru á leikinn sem aðalnámsleið barnanna, samskipti milli barna, á milli barna og starfsfólks og síðast en ekki síst sjálfbærni- og útinám í ýmsum birtingamyndum.

Leikskólinn hefur í tvo áratugi unnið að markmiðum Landverndar um Grænfána og hefur undantekningarlaust fengið góða umsögn í úttektum Landverndar, fyrst árið 2004 og nú síðast vorið 2022. Þannig gátum við nú í vor flaggað grænfánanum með stolti í tíunda sinn.

Umhverfismál eru okkur því hugleikin og leggjum við megin áherslu á að nýta, njóta og vernda náttúruna og umhverfið í kringum okkur. Þá teljum við að reynslumiðaðð nám (e. Learning by doing) skilji mest eftir í hugum barna á þessum aldri, þar ná þau að tengja saman orð og athafnir.

Fjölmörg verkefni endurspegla þetta og hér langar okkur að tæpa á þeim helstu.



### Skógarferðir, Gullin í grenndinni, útinám og átthagar

Öll börn leikskólans fara í vikulegar skógarferðir þar sem börnin ganga saman út í skóg og njóta þar útiveru, leikja og samveru, oftast með nesti í för.

Útinám þar sem börnin velja sjálf verkefni dagsins, kennarinn er á hliðarlínunni með stuðning og önnur úrræði. Þetta eflir sköpunarkraft og hugmyndaflug, sjálfstæði og lýðræði.

Átthagaverkefni sem snýst um nærumhverfið, að barnið læri að staðsetja sig í samfélaginu, upplifi sérkenni svæðisins og heyri um það sögur. Í þessum verkefnum fræðast börnin til dæmis um Tryggvaskála, Ölfusárbrú, vinnustaði í sveitarfélaginu og söfn í sveitarfélaginu.

Gullin í grenndinni er samstarfsverkefni Álfheima og Vallaskóla þar sem tveir elstu árgangar leikskólans hitta tvo yngstu bekki Vallaskóla. Saman fara þau í minni hópum í skógarferðir um það bil einu sinni í mánuði.

Þá höfum við í nokkur ár verið í skemmtilegu og gefandi samstarfi við Vinaminni þar sem lítill hópur barna fer reglulega yfir veturinn í heimsókn og okkur berast reglulega fléttuð vinabönd frá þeim sem við notum í gönguferðum. Þá fer hópur barna einnig reglulega og syngur á Ljósheimum, Fossheimum og Móbergi.

### Grænálfar, moltugerð og ræktun

Börnin skiptast á að vera Grænálfar og fá þá að spreyta sig í að taka ábyrgð á umhverfi sínu, þau strjúka af borðum fyrir matinn, leggja á borðið, flokka úrgang og margt fleira. Þetta eflir skilning þeirra á umhverfismennt og eykur um leið sjálfstæði þeirra.

Þá er skólinn með tvær tegundir moltugerðar, aðra innandyra með aðstoð haugána og hina utandyra í hefðbundnum moltutunnum.

Á undanförnum misserum hefur áhugi aukist mjög á því að rækta grænmeti og kryddjurtir bæði úti og inni. Við skólann eru fjórir gróðurkassar til útiræktunar og hafa þeir verið nýttir undir kartöflur, gulrætur, rabarbara, skessujurt o.fl. Þar að auki höfum við haft afnot af grenndargörðum bæjarins og ræktað þar kartöflur. Vonumst við til að í náinni framtíð getum við komið okkur upp gróðurhúsi.

Með því að taka þátt í moltugerð og ræktun gefst börnunum gott tækifæri til að fylgjast með náttúrulegri hringrás í vistkerfinu okkar og hvaðan maturinn kemur.

6. febrúar ár hvert er Dagur leikskólans haldinn hátíðlegur. Markmiðið með Degi leikskólans er að stuðla að jákvæðri umræðu um leikskólastarf og um leið beina athygli samfélagsins að því faglega og metnaðarfulla starfi sem innt er af hendi í leikskólum landsins á hverjum degi.

*Börn og starfsfólk í Álfheimum*



# Dagur leikskólans

Í tilefni af degi leikskólans, 6. febrúar sl., hefur verið sett upp ljósmyndasýningin í Sunnumörk sem ber yfirheitið Heimur barnsins í gegn um linsuna. Öll börn leikskólans eiga verk á sýningunni. Sýningin verður í Sunnumörk frá 4. – 17. febrúar. Öll hjartalega velkomin.

*Leikskólinn Undraland, Hveragerði*

# Sunnlenski matgæðingurinn

*Hildur Øder Einarsdóttir er sunnlenski matgæðingurinn að þessu sinni.*



*Hildur Øder Einarsdóttir.*

Ég byrja að sjálfsögðu á því að þakka góðvinkonu minni henni Gunndísi fyrir að skora á mig. Ég er engin landsliðskokkur en þykir gaman að möndla eitthvað í eldhúsinu af og til þegar ég hef tíma. Stundum heppnast það vel, en oftast ekkert svakalega vel. Það er samt eitt sem klikkar aldrei og það er góð nautasteik með bernaise. Ég ætla því að hjálpa ykkur að velja hvað þið ætlið að fá ykkur um helgina og þið ætlið að fá ykkur góða steik með kartöflum a'la Konni bró, þið verðið ekki svikin.

### Bestu kartöflur lífs ykkar:

4 stórar bökunarkartöflur
1/2 mexico-ostur
Rjómaostur
Sýrður rjómi með graslauk
Beikon

Gott er að setja kartöflunar inn í ofn nokkru fyrr því þær taka slatta tíma að eldast. Meðan að þær eru að eldast skerið beikonið niður í litla bita og steikið þar til það verður stökkt. Þegar kartöflurnar eru tilbúnar eru þær skornar langsum. Skafið innan úr kartöflunum og setjið í skál. Því næst rífið mexico ostinn, setjið góða slummu af rjómaosti og sýrða rjómanum í skálina með kartöflunum og hrærið vel. Þegar allt er orðið mjúkt og gott bætið beikoninu við og hrærið. Þegar blandan er tilbúin er hún aftur sett í kartöflurnar og þær svo settar aftur inn í ofn í svona 10 mín. Nú eru engar sérstakar mælingar það er bara að slumma og smakkað til, svo er bætt við eftir þörfum.

### Nautasteik

Góð steik úr Kjötbúrinu :)

Treysti á að þið kunnið að elda góða steik, ef ekki þá er bara að steikja hana upp úr smjöri svona sirka mínútu á hverri hlið, stinga svo inn í ofn þar til steikin hefur náð um 52 gráður kjarnhita, taka þá kjötið út og leyfa því að hvíla í 10 mín.

### Bernaise sósa

6 eggjarauður
500 g smjör
1 msk. estragon
1 msk. bernaise essience

Setur eggjarauður, bernaise essence og estragon í skál og þeytir í sirka mínútu, bræðir 500gr af smjöri og hellir því síðan hægt og rólega út í blönduna á meðan þú þeytir þar til sósan er orðin fluffy og góð. Hægt að setja hálfan tening af nautakraft út í sósuna ef fólk vill prófa að sleppa sér.

Ég mæli svo með góðri bernaise sósu með þessu, allir með sínar skoðanir um hvaða sósa er best þið veljið það bara sjálf, svo er ekkert amalegt að smjörteikja aspas með hvítlauk og salti með og þið eruð „golden" með geggjaða veislu.

Ég vil svo skora á mesta matarmann sem ég þekki, listakokkinn hann Hákon bróðir minn að koma með uppskrift í næstu viku.

*Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.*

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

**Útgefandi:** Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
**Ritstjóri:** Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0673, helga@dfs.is.
**Blaðamaður:** Björgvin Rúnar Valentínusson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
**Auglýsingadeild:** Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

**ISSN 1670-407X**

Svansmerkið Prentgripur 1041 0858

## Gáta vikunnar

Vísnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Kemur oft á klaufans hönd,
kornið fellir, þurrkar lönd.
Aðgerð svo að útgjöd lækki,
upp, er til að meinum fækki.

Svar við gátu í blaði 2686: **STAUR**
1. **Staur**-blankur - 2. Girðingar**staur**
3. Ljósa**staur** - 4. Stekkja**staur**

Gæða Matur
veisluþjónusta
www.gaedamatur.is
Sími 787 32 13 - gaedamatur@gmail.com
@gaeda.matur

HORNSTEINN



Arnar Herbertsson
Arngunnur Ýr Gylfadóttir
Ágúst F. Petersen
Ásgrímur Jónsson
Baltasar Samper
Björg Þorsteinsdóttir
Bragi Ásgeirsson
Brynhildur Þorgeirsdóttir
Einar G. Baldvinsson
Einar Hákonarson
Eiríkur Smith
Elfar Guðni Þórðarson
Erró
Eyjólfur Eyfells
Finnur Jónsson
Gerður Helgadóttir
Guðjón Sigfússon
Guðlaug Hannesdóttir
Guðrún Tryggvadóttir
Gunnlaugur Blöndal
Gunnlaugur Scheving
Halldór Einarsson
Hans Christiansen
Hildur Hákonardóttir
Hörður Ágústsson
Höskuldur Björnsson
Ísleifur Konráðsson
Jóhann Briem
Jóhannes Kjarval
Jón Engilberts
Jón Jónsson
Jón Stefánsson
Jón Þorleifsson
Karl Kvaran
Kjartan Guðjónsson
Kristinn Pétursson
Matthías Sigfússon
Myriam Bat-Yosef
Páll Guðmundsson frá Húsafelli
Ragnheiður Jónsdóttir
Ragnheiður Jónsdóttir Ream
Rúrí
Sara Björnsdóttir
Sigrid Valtingojer
Sigríður Björnsdóttir
Sigríður Melrós Ólafsdóttir
Sigrún Harðardóttir
Sigurður Sigurðsson
Sigurjón Ólafsson
Sirra Sigrún Sigurðardóttir
Snorri Arinbjarnar
Valtýr Pétursson
Veturliði Gunnarsson
Þorbjörg Höskuldsdóttir
Þorvaldur Skúlason
Þórdís Erla Zoëga

60 ára afmælissýning
Listasafns Árnesinga
11 / 02 - 20 / 08

LISTASAFN ÁRNESINGA
www.listasafnarnesinga.is

# AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

## Flóahreppur og Grímsnes- og Grafningshreppur

*Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsbreytinga og nýrra deiliskipulagsáætlana :*

1. **Borg þéttbýli; Verslunar-, þjónustu- og íbúðalóðir við Miðtún; Deiliskipulag – 2210039**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum 18. janúar 2023 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til þéttbýlisins að Borg í Grímsnesi. Um er að ræða 6 nýjar verslunar- og þjónustulóðir þar sem á fjórum er heimild fyrir íbúðum á efri hæð. Í skilgreiningu á miðsvæði kemur fram að gera megi ráð fyrir blöndu af verslun og þjónustu og einnig íbúðum, aðallega á efri hæðum húsa. Æskilegt er að atvinnustarfsemi geti þróast innan svæðisins í bland við íbúðabyggð. Starfsemi á lóðunum getur verið af ýmsum toga og skal horft til skilgreiningar á miðsvæði og markmiða þessa skipulags þegar mat er lagt á það hvaða starfsemi hentar innan reitsins. Má þar nefna gistiheimili, veitinga- og menningartengdan rekstur, litlar verslanir með áherslu á framleiðslu úr héraði, handverksiðnað, smærri verkstæði, gallerí o.fl. Einnig er gert ráð fyrir eldsneytissölu og hleðslustöðvum fyrir rafbíla.

2. **Hraunkot; Frístundasvæði; Deiliskipulag - 2205021**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum 19. desember 2022 að auglýsa deiliskipulagstillögu er varðar deiliskipulag frístundasvæðis í Hraunkoti eftir kynningu. Málið var kynnt sem breyting á deiliskipulagi. Eftir kynningu var tekin ákvörðun um að leggja fram tillögu sem tekur til heildarendurskoðunar á deiliskipulagi svæðisins. Við gildistöku nýs deiliskipulags fellur núverandi skipulag svæðisins úr gildi. Innan nýs deiliskipulags er m.a. gert ráð fyrir fjölgun lóða auk þess sem heimildir er varðar stærðir aðalhúss, geymslu- og gestahúsa er breytt og þau stækkuð. Skipulagssvæðin eru tvö í dag, A og B, en verða sameinuð í eitt skipulagssvæði innan nýs deiliskipulags.

3. **Kerhraun svæði A, B og C; Frístundabyggð; Skilmálabreyting byggingarheimilda; Deiliskipulagsbreyting - 2301054**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum 1. febrúar 2023 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi er varðar Kerhraun svæði A, B og C. Í breytingunni felst að stærð aukahúsa innan lóða verði gefin frjáls innan skilgreinds hámarksnýtingarhlutfalls lóða.

4. **Hrauntröð 10 L225329; Breyttir skilmálar; Deiliskipulagsbreyting - 2301040**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum 1. febrúar 2023 að auglýsa breytingu á deiliskipulagi er varðar deiliskipulag frístundabyggðar í Vaðnesi. Í breytingunni felst að skilmálar er varðar aukahús á lóð væru felldir út úr skipulagi í takt við heimildir aðalskipulags sveitarfélagsins.

5. **Vaðstígur 1 L227910, 3 L227911 og 5 L227912; Breyting úr frístundabyggð í íbúðabyggð; Deiliskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 22. apríl 2020 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Vaðstígs 1 L227910, 3 L227911 og 5 L227912. Í breytingunni felst að lóðirnar breytast úr frístundabyggð í íbúðabyggð. Stærðir lóðanna eru óbreyttar en lega þeirra sem og byggingareitir breytast vegna nákvæmari mælinga. Gert er ráð fyrir að íbúðarhúsin geti vera allt að 350 m² og auk þess verði heimilt að reisa allt að 60 m² aukahús á lóð.

*Samkvæmt 32. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar.*

6. **Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029; Íbúðarsvæði; Arnarstaðakot-Skálmholt-Glóra; Skilmálabreyting; Aðalskipulagsbreyting**
   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 30. Nóvember 2022 breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin snýr að skilmálum aðalskipulagsins er varðar íbúðarsvæði í sveitarfélaginu. Breytingin nær til þriggja nýrra íbúðarsvæða, Arnarstaðakots L166219 þar sem fyrirhugað er uppbygging búgarðabyggðar, í landi Skálmholts land L186111 þar sem núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verði skilgreint sem íbúðarsvæði og innan jarðarinnar Glóru á um 30 ha svæði.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.asahreppur.is www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is.

Mál innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 9. febrúar 2023 með athugasemdafrest til og með 24. mars 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

*Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU*

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Viltu vekja athygli á Suðurlandi?

Sími 482 1944 - auglysingar@dfs.is
dfs@dfs.is - www.dfs.is

STJÓRNENDAFÉLAG SUÐURLANDS

**Orlofshús Stjórnendafélags Suðurlands um páska 2023**

Stjórnendafélags Suðurlands auglýsir orlofshús félagsins laus til umsókna fyrir páskavikuna 5. – 12. apríl 2023.

Hægt er að sækja um á orlofssíðu félagsins https://orlof.is/vssi/

**Valmöguleikar eru:**
Svignaskarð hús 32
Brekkuheiði 15 Bláskógabyggð
Langahlíð 2 á Akureyri.

Umsóknarfrestur er til 14. febrúar nk.
Leiga fyrir páskana er kr. 34.000,-.

ÖLFUS

## Auglýsing um skipulag í sveitarfélaginu Ölfusi

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti þann 26. janúar deiliskipulagstillögu fyrir lóðina Lindarbær, landnúmer 171766 til auglýsingar í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan hefur verið auglýst áður en er nú auglýst aftur þar sem hún nýtir heimildir nýs aðalskipulags til uppbyggingar.

Tillagan markar og setur skilmála fyrir viðbyggingu við núverandi íbúðarhús, stakstæðan eða sambyggðan bílskúr og skilgreinir lóð umhverfis húsið/húsin.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofunni, Hafnarbergi 1, dagana 9. febrúar til 23. mars 2023. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 23. mars 2023 eða með bréfpósti á skipulagsfulltrúa, bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

*Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi.*

# Fleygur



Uppskriftin að þessu sinni sameinar það sem gerir verkefni skemmtileg; að prófa aðferð sem hefur verið að gerjast og prófa nýja garntegund.
Útkoman er trefill sem er 125 sm langur og mjór í annan endann.

Grunnaðferðin er garðaprjón, slétt prjón fram og til baka, og því auðvelt og spennandi fyrir styttra komna prjónara.

Lögun trefilsins verður til við það að prjóna stytta garða og þó þetta sé trefill er hæglega hægt að halda áfram að endurtaka einingarnar þar til komin er myndarleg hyrna, allt eftir smekk og löngun.

**Garn og verkfæri**
Grunnliturinn er úr glænýju garni frá RICO sem heitir Superba Cashmeri Luxury Socks. Eins og nafnið gefur til kynna er um að ræða eðal garn sem er sérlega mjúkt og áferðarfallegt og er með nælonstyrkingu til að geta kallast sokkagarn. 65% lamsbull, 25% nælon, 10% kasmírull. Garnið fæst í 5 mismunandi litum og auðvitað er hægt að gera fleyginn úr einum lit en hér eru gerðar rendur í þrem mismunandi litum með tvöföldu Anisia mohairgarni (76% mohair, 24% nælon). Það fæst í 35 litum og er alltaf gaman að leika sér með. Ein dokka í hverjum lit.



Prjónn nr. 4,5, 80 sm eða lengri.

Fyrsta lykkja umferðar er alltaf tekin af prjóninum óprjónuð og telst með. Þegar verið er að skipta um lit og búið er að taka fyrstu lykkjuna óprjónaða er næsta lykkja prjónuð með báðum litunum.
Hver mynstureining er 19 garðar með styttum umferðum og garntegundunum tveimur til skiptis og síðan 5 garðar í grunnlitnum.

**Aðferð**
Fitjið upp 200 lykkjur laust og með aðferð sem hefur góða teygju.
Prjónið sl til baka og síðan einn garð (sl prjón fram og til baka).

Mynstureining er alls 24 garðar:

Fyrsti garður er prjónaður í mynsturlit. Prjónið 8 l sl, 2 l saman sl. Snúið við og prjónið til baka.
Eftir þetta eru garðarnir prjónaðir með garntegundunum tveim til skiptis og garðurinn lengist um 10 lykkjur í hvert sinn.
2. - 19. garður:
* Prjónið að gatinu (9 sl í fyrsta garðinum, 19 í þeim næsta osfrv), sláið uppá, 8 l sl, 2 saman sl. Snúið við og prjónið til baka.*
Endurtakið *-* þar til búið er að gera síðasta stytta garðinn. Þá eiga að vera eftir 10 lykkjur út á enda.

Prjónið því næst 5 garða í grunnlit þannig: Í fyrstu umferðinni er slegið uppá við síðasta gatið sem kom þegar snúið var við í síðasta garði og síðan prjónað út á enda. Prjónið til baka og síðan 4 garða í viðbót.

Prjónið áfram tvær eins einingar (eða fleiri) en þó þannig að í lokin eru bara prjónaðir tveir garðar í grunnlitnum og síðan fellt laust af.

Gangið frá endum. Skolið í volgu sápuvatni og leggið til þerris.

*Hönnun: Alda Sigurðardóttir*

Hannyrðabúðin
*Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314*

# Vinsamleg tilmæli um grímunotkun á HSU

Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur gefið út vinsamleg tilmæli til allra sem mæta í tíma hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi á öllum stöðvum HSU og á bráðamóttöku á Selfossi að nota grímu/maska ef hægt er að koma því við.

Mikið er um ýmiskonar smit í þjóðfélaginu og eru tilmælin liður í því að takmarka útbreiðslu eins og hægt er.



# Loksins, loksins vinnustofa í raunheimum

Þann 2. febrúar sl. var haldin fyrsta vinnustofa þátttakenda í viðskiptahraðlinum Sóknarfæri í nýsköpun og fór hún að þessu sinni fram á Midgard á Hvolsvelli. Eftir góða kynningu hugmyndafræði Midgard frá Midgard fjölskyldunni og vegferð frumkvöðulsins frá Mumma í Bikefarm, tóku þær Svava og Hafdís frá RATA við boltanum og leiddu þátttakendur í gegn um vinnu við business model canvas og önnur verkfæri sem nauðsynleg eru öllum frumkvöðlum. Samhliða vinnustofunum hittu þátttakendur Helgu Guðrúnu ritstjóra Dfs.is og áttu spjall við hana um verkefnin sín. Afrakstur þess verður sýndur í DFS TV.

Dagurinn endaði svo á heimsókn í Lava Centre þar sem Bárður Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri tók á móti hópnum og ræddi við hann um þá uppbyggingu og áskoranir sem þau hafa fengist við frá stofnun Lava Centre.



*Myndir: Háskólafélag Suðurlands.*

Næsta raunheimavinnustofa er fyrirhuguð í Vík þann 16. febrúar en meðfylgjandi mynd sýna stemninguna á Hvolsvelli.

# Sóknarfæri í nýsköpun og úrgangsgagnatorg



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur styrkt Samtök sunnlenskra sveitarfélaga vegna tveggja verkefna viðskiptahraðalsins Sóknarfæri í nýsköpun og Úrgangsgagnatorgs. Markmið verkefnisins Sóknarfæri í nýsköpun er að auka hvata til nýsköpunar á Suðurlandi, með sérstakri áherslu á hringrásarhagkerfið. Jafnframt því að kynna stoðkerfi nýsköpunar á Suðurlandi og hrinda af stað fjölbreyttum nýsköpunarverkefnum á sviði umhverfis-, orku- og loftslagsmála, sbr. nánari umfjölun á heimasíðu ráðuneytisins hér.

Markmið verkefnisins Úrgangstorg er að samræma úrgangsgögn sveitarfélaga á landsvísu og vinna að opinberri birtingu þeirra gagna og stuðla að snjallvæðingu úrgangsmála á Suðurlandi á árinu 2023. Markmiðið með þessari vinnu er að flýta fyrir innleiðingu Hringrásarhagkerfis á Íslandi og auka gagnsæi og yfirsýn sveitarfélaga í þessum málaflokk.

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra tilkynnti um styrkveitingu til Sóknarfæra í nýköpun og Úrgangsgagnatorgs er hann var á ferð um Suðurland þann 31. janúar síðastliðinn.

# Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Sveitarfélagið ÁRBORG

*Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi deiliskipulagstillaga:*

**Austurvegur 69 - Deiliskipulagsbreyting**

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti á fundi sínum 1. febrúar 2023, tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Austurveg 69 Selfossi.

Deiliskipulag fyrir lóðina Austurvegur 69, var upphaflega unnið í mars 2004 m.s.br. Síðasta breyting var samþykkt í bæjarstjórn Árborgar 13. maí 2015 og í sveitarstjórn Flóahrepps 4. mars 2015 og var samþykkt þessi birt í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1001 þann 4. nóvember 2015. Austasti hluti reitsins er innan marka Flóahrepps og samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna er sá hluti skráður undir Árborg en lýtur skipulagslegri forsögn beggja. Deiliskipulag þetta er bæði í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Árborgar 2020-2036 (reit VÞ6). og Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029. Aðkoma að lóðinni frá vestri helst óbreytt en frá austri mun hún breytast. Í stað þess að aka í boga frá hringtogi inn á lóðina verður ekið í beinni stefnu til norðurs og síðan beygt til vesturs inná lóðina. Samráð hefur verið viðhaft við forsvarsmenn beggja sveitarfélaga um aðkomu frá austri og nýja götu innan Flóahrepps. Breytt aðkoma að austan mun geta tengst íbúðabyggð Árbakkalands norðan Austurvegar 69. Jafnframt tengist hún framtíðar atvinnusvæði (VÞ1) innan Flóahrepps en reikna má með vaxandi uppbyggingu þar eftir að ný Ölfusárbrú mun rísa. Einnig má reikna með að austurleiðin geti tengst atvinnusvæði Mjólkurbús Flóamanna. Markmið deiliskipulagsbreytingar er að nýta lóðina til frekari atvinnuuppbyggingar um leið og skapaðar eru nýjar tengingar við nærliggjandi svæði innan Árborgar og Flóahrepps.

Helstu breytingar frá fyrra deiliskipulagi eru eftirfarandi:

1. Hringtorg á Austurvegi helst óbreytt en aðkoma mun liggja til norðurs og tengjast lóðunum með nýjum hætti. Vegur þessi mun geta tengst framtíðar uppbyggingu við Árbakkaland og eins svæðum innan Flóðahrepps. Lóðarmörk mót norðri færast um 3m til norðurs og stækka viðkomandi lóðir (69f og 69g) við þá færslu.

2. Lóð nr. 69 er brotin upp og minnkar til samræmis (sjá uppdr.). Byggingareitur fær breytta lögun og bílast. breytast.

3. Lóð 69a er brotin upp og minnkar í samræmi við það (sjá uppdrátt). Byggingareitur helst óbreyttur.

4. Lóð 69b er stækkuð til suðurs og byggingareitur að sama skapi.

5. Lóð 69c er felld undir lóð 69b og stækkar lóð 69b við það.

6. Gerð er sérstök lóð um akveg sunnan við Austurveg 69 sem fær lóðanúmerið 69c.

7. Stofnuð er ný lóð, 69e á austurhluta reits.

8. Stofnuð er ný lóð, 69f á norðurhluta reits.

9. Stofnuð er ný lóð, 69g á norðausturhluta reits.

10. Norðausturhorn lóðarinnar (L229186) er stækkun skv. samþykkt Árborgar og Flóahrepps frá 2019, stærð, 1.971m². Þetta þríhyrningslaga horn hefur áður verið sameinað lóð Austurvegar 69. Við endanlegt samþykki þessa deiliskipulags þarf að breyti heiti þessa horns en það er í landeignaskrá nefnt Austurvegur 69E sem verður þá rangt því önnur lóð hefur fengið það heiti skv. deiliskipulaginu. Lóð á vesturhluta lóðar, spennistöð nr. 69d, helst óbreytt.

----

Ofangreind skipulagstillaga liggjur frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Tillögurnar eru auglýstar með athugasemdafresti frá 8. febrúar til og með 22. mars 2023.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 22. mars 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

*Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæranleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.*

*Virðingarfyllst,*
*Rúnar Guðmundsson skipulagsfulltrúi*




# íþróttir

## Golfklúbbur Selfoss opnar fimm nýjar holur á næsta ári

Golfklúbbur Selfoss tilkynnti á facebooksíðu sinni í síðustu viku að það stæði til að opna 5 nýjar holur á næsta ári en leiknar verða fjórtán holur á Svarfhólsvelli á næsta ári, nýr par-3-völlur í hæsta gæðaflokki opnaður 2025 og átján holur vígðar á aðalvellinum árið eftir. Þetta er meðal þess sem fram kemur í uppfærðri uppbyggingaráætlun Golfklúbbs Selfoss, sem staðið hefur fyrir mikilli uppbyggingu á svæði sínu síðan 2017, í samstarfi við Árborg.




Gert er ráð fyrir að vallarsvæðið verði allt fullmótað 2026, samhliða áformum um nýjan þjóðveg 1 norður fyrir þéttbýlið á Selfossi, með nýrri brú yfir Ölfusá, en brúarsporðurinn verður reistur á gömlu 3. flötinni, sem notuð var sem eins konar aukahola á síðasta ári. Uppbygging á svæðinu hófst með aðlögun vallarins að áformuðum, nýjum þjóðvegi, en til þess þurfti að gera þrjár nýjar golfbrautir og færa æfingasvæðið. Þeirri vinnu lauk í fyrra, með opnun nýs æfingasvæðis á gömlu 1. brautinni, en það ár var jafnframt fyrsta heila vertíðin þar sem nýju brautirnar þrjár voru leiknar. Í dag eru þær fyrstu þrjár holurnar í leikröðinni.

Unnið hefur verið að stækkun aðalvallarins úr níu holum í átján síðan 2021. Stefnt er að því að fara langt með sáningu á þeim á komandi sumri, taka þær í notkun á næsta ári og leika þannig fjórtán holur. Með nýju forgjafarkerfi, sem tók gildi 2020, má nú leika hvaða holufjölda sem er á milli níu og átján. Svo skemmtilega vill til að það var tilkynnt af bandaríska golfsambandinu USGA á nýsköpunarráðstefnu þess í Tókýó 2019, í viðurvist og í samtarfi við íslenska golfvallahönnuðinn Edwin Roald, sem hannaði nýju brautirnar að Svarfhóli og hefur lengi talað fyrir auknum sveigjanleika forgjafarkerfisins gagnvart öðrum holufjölda en aðeins níu og átján.

Það verður mikill fengur fyrir GOS að fá nýju holurnar inn, því að með þeim verður hægt að leika fjórtán holur, en það eykur afkastagetu vallarins til muna. Með þessari viðbót verður því hægt að taka við mun fleiri kylfingum en áður. Ekki er vanþörf á, því að félögum í GOS hefur fjölgað um 400 á 10 árum og eru nú 612 félagar.

Skammt er stórra högga á milli. Árið 2020 tók GOS í notkun nýja, glæsilega inniæfingaaðstöðu og áhaldahús fremst á svæðinu, þar sem ekið er inn á það í dag. Þar í kring er nú unnið að mótun nýs, glæsilegs par-3-vallar í hæsta gæðaflokki. Sá mun hafa sjö holur, heita Gosi og verða tilbúinn 2025.

Árið eftir er síðan stefnt að því að opna átján holur á aðalvellinum, með verklokum við gerð síðustu fjögurra brautanna norðaustan við núverandi völl. Með þessu verður liðinn áratugur frá því að þessi markvissa uppbygging hófst.

## Mótatímabilið hafið í fimleikunum

Mótatímabili í hópfimleikum var blásið af stað með pompi og prakt þar sem fyrri hluti GK-móts fór fram í fimleikahúsi Fjölnis um liðna helgi, 4.-5. febrúar. Keppt var í 5. flokk, 4. flokk og KK yngri. Fimleikadeild Selfoss sendi 5. lið til keppni og erum við afar stolt af yngstu iðkendum okkar og þjálfurum.



*4. flokkur árg. 2012.*



*4. flokkur árg. 2013.*



*5. flokkur.*



*KK yngri.*

Lið í 5. flokki eru börn sem eru að stíga sín fyrstu skref í keppni í hópfimleikum og þar er ekki keppt til verðlauna heldur fá öll lið viðurkenningu fyrir góðar æfingar.

Lið í 4. flokki kepptu í þremur deildum A, B og C deild eftir deildarskiptingu á haustmóti. Selfoss átti eitt lið í A deild sem hafnaði í 4. sæti og annað lið í B deild sem hafnaði í 3. sæti.

Lið KK yngri samanstendur af drengjum á aldursbilinu 9 – 12 ára. Þeir sýndu flottar æfingar og höfnuðu í 5. sæti.

Um næstu helgi fer seinni hluti GK-mótsins fram ásamt Mótaröð 2 en mótið verður haldið á Akranesi. Mótaundirbúningur og góð stemning er því í fimleikahúsinu þessa dagana.

Áfram Selfoss! *UMFS*




# Frá Selfosskirkju

**Kvöldguðsþjónusta** sunnudaginn 12. febrúar kl. 20. Guðsþjónustan verður helguð boðskap um frið á jörðu og verndun jarðar í gegnum flutning laga og texta Valgeirs Guðjónssonar. Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar fyrir altari og unglingakór Selfosskirkju syngur lög Valgeirs Guðjónssonar undir stjórn Edit Molnár þar sem boðskapur um frið og nátttúruvernd er undirtónninn.

**Sunnudagaskólinn** verður á sínum stað kl. 11 á sunnudaginn með gleði, söng og leikjum.

**Þriðjudagssamvera** verður þriðjudaginn 14. febrúar kl. 14. Samveran verður að vanda með heimilislegum brag, andrúmsloftið notalegt og kaffið heitt. Gestur samverunnar að þessu sinni verður Eygló Jóna Gunnarsdóttir fv. djákni við Selfosskirkju sem mun spjalla við okkur um daginn og veginn frá sínum bæjardyrum.

Verið öll hjartanlega velkomin til góðra stunda í Selfosskirkju.

# RAK Thai poppar upp á Vor

RAK Thai er PopUp veitingastaður inni á heilsustaðnum Vor, í Krónuhúsinu á Selfossi, sem opnaði fyrr í vikunni. Á RAK Thai verður hægt að kaupa heitan mat úr hlaðborði sem verður drekkhlaðið af bragðgóðum og fjölbreyttum taílenskum réttum. „Aris (Supranee Aris Kristinsson), sem er frá Taílandi, og eiginmaður hennar, Dr. Siggi (Sigurður Ásgeir Kristinsson), buðu okkur í mat og hugmyndin kviknaði þar. Þau eru búinn að vera meðeigendur á Vor síðan sl. sumar, hún er algjör listakokkur en hann ekki. Þetta er einn albesti taílenski matur sem ég hef smakkað. Staðurinn mun heita RAK Thai, en það þýðir „elskum tælenskt". Við hlökkum mjög til að fá viðbrögð frá okkar fólki hér á suðurlandsundirlendinu," segir Tómas Þóroddsson, einn af eigendum Vor.



*Tómas Þóroddsson og Supranee Aris Kristinsson. Mynd: Dagskráin/HGL*

„Við Aris höfum unnið að þessu saman ásamt Bjarna Hauk, yfirmatreiðslumanni Messans. Það er nefnilega munur á að elda góðan mat fyrir 4 eða 50 manns og auðvitað að mörgu að hyggja þegar opna á nýjan stað. Við miðum við að vera út sumarið og ef vel gengur þá gerum við meira við konseptið, annars er líka opið að koma reglulega með PopUp staði á Vor heilsustaðinn í Krónuhúsinu, þar er nóg pláss og mikið af fólki sem fer þar í gegn," segir Tómas.

Aðspurður hvort PopUp sé eitthvað sem þau hafi reynt áður á Vor segir Tómas: „Við höfum ekki gert þetta áður, en höfum mikin hug á að halda þessu áfram. Það verður gaman að þróa matseðilinn í samstarfi við viðskiptavini. Á RAK Thai verðum við með hlaðborð þar sem í boði verður súpa vikunnar, núðlur með grænmeti og kjúkling, kjúklingur í massaman karrý, satay kjúklingur, original vorrúllur, pad thai með risarækjum eða kjúkling og kjúklingur í kasjú." *HGL*


SÖNGUR OG GLEÐI
Í SELFOSSKIRKJU
TÓNLISTARNÁMSKEIÐ
FYRIR BÖRN FÆDD 2017
MÁNUDAGA FRÁ 16:30-17:15
HEFST 13. FEBRÚAR OG LÝKUR MEÐ
SÖNG Í MESSU 19. MARS KL. 11:00
Umsjón: Guðný Birgisdóttir - Leikskólakennari
Edit A. Molnár - Kórstjóri
Skráning: edit@simnet.is
Athugið að námskeiðið kostar ekkert



Sveitarfélagið ÁRBORG

## Stekkjaskóli - Matráður óskast

Stekkjaskóli er nýr grunnskóli á Selfossi sem tók til starfa haustið 2021. Í dag eru 172 nemendur í skólanum í 1.-5. bekk. Fullbyggður verður skólinn fyrir um 500 nemendur í 1.-10. bekk.

Í Stekkjaskóla er lögð áhersla á teymiskennslu, teymisvinnu, tækni og nýsköpun, skapandi skólastarf, umhverfismál og jákvæðan skólabrag.

Stekkjaskóli óskar eftir að ráða matráð í 50-80% starfshlutfall frá og með 1. mars eða eftir nánara samkomulagi. Leitað er að metnaðarfullum, barngóðum og jákvæðum einstaklingi sem er staðgengill matreiðslumanns.

**Menntun og hæfniskröfur:**
- Menntun, reynsla og/eða þekking af starfi í mötuneyti æskileg
- Frumkvæði, metnaður, skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð
- Þekking á næringarfræði
- Góð færni í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar 2023.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Hilmar Björgvinsson, skólastjóri, hilmarb@stekkjaskoli.is, sími 480 1600 og Sævar Birnir Steinarsson, matreiðslumaður, sími 480 1600. Sjá einnig heimasíðu skólans www.stekkjaskoli.is.

Umsóknum fylgi rökstuðningur fyrir hæfni í starfið og skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins: https://sveitarfelagid-arborg.alfred.is/. Allar umsóknir eru gildar í sex mánuði.



GG TRÉ
Til sölu 68,5 m² bil
til afhendingar strax í Breiðarmýri 3
Opið hús laugardaginn 11. febrúar kl 13 - 15
ÁRBORGIR FASTEIGNASALA
S: 893 4609
haukur@ggtre.is
www.ggtre.is
HÚS Fasteignasala




## MÍMIR NEMENDAFÉLAG MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI

### SÆLIR SUNNLENDINGAR!

Síðastliðin vika hefur verið mjög viðburðarrík hér í Menntaskólanum að Laugarvatni. Nú fer að koma að stjórnarskiptum hjá nemendafélaginu Mími og er framboðsvikan í fullu fjöri. Síðastliðinn mánudag byrjaði áróður og voru frambjóðendur með bása með allskonar kræsingum og fleiru til að vekja athygli á þeirra framboð. Frambjóðendur fengu tækifæri til að gefa kost á sér síðastliðinn fimmtudag á ræðukvöldi og voru allir félagar nemendafélagsins viðstaddir til að hlusta á þeirra málefni.

Núna á mánudaginn 6. febrúar verða kosningar yfir allan daginn og sér síðan kjörstjórn um að telja atkvæði félagsmanna. Aðalfundur verður haldin síðar um kvöldið þar sem kemur í ljós hvaða einstaklingar fá þann heiður að gegna embættum í stjórn Mímis.

Fráfarandi stjórn þakkar fyrir sig og óska nýrri stjórn Mímis innilega til hamingju með kjörið og velgengni við stjórnarstörf.



Fráfarandi stjórn Mímis:

Stallari – Óskar Snorri Óskarsson
Varastallari – María Sif Rossel Indriðadóttir
Gjaldkeri – Sesselja Helgadóttir
Jafnréttis- og skólaráðsfulltrúar – Lilja Dögg Jóhannsdóttir & Lingný Lára Lingþórsdóttir
Skemmtinefndarformenn – Ragnar Ingi Þorsteinsson & Þorbjörg Guðrún Kristófersdóttir
Íþróttaformenn – Elías Páll Jónsson & Magnús Skúli Kjartansson
Árshátíðarformenn – Agnes Fríða Þórðardóttir & Ragnar Leó Sigurgeirsson
Tómstundarformaður – Hákon Kári Einarsson
Ritnefndarformaður – Margrét Inga Ágústsdóttir
Vef- og markaðsformaður – Jóhannes Torfi Torfason

**Umsjón: Margrét Inga Ágústsdóttir og Jóhannes Torfi**

# Ofþyngd barna – afleiðingar og ráð

Tíðni ofþyngdar hjá börnum eykst stöðugt um allan heim og það sama á við um íslensk börn.

Undanfarin áratug hefur þróunin á ofþyngd barna verið hægt og rólega upp á við. Börn á landsbyggðinni eru þyngri en jafnaldrar þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan er óþekkt en líklega margþætt.

Á árunum 2018-2022 hefur skólabörnum á Suðurlandi sem eru yfir kjörþyngd fjölgað úr 23% í 30%. Þannig að þriðjungur barna á Suðurlandi eru yfir kjörþyngd. Á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallið um 22% árið 2022. Nærri tvöfalt fleiri stúlkur hafa offitu á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, eða 8,7% á móti 4,4%. Þá hafa 9,6% drengja á landsbyggðinni offitu en 5,2% í Reykjavíkursvæðinu. Einnig hefur verið töluverð aukning á ofþyngd undanfarin ár hjá 4 ára börnum og einnig hjá 2,5 árs stúlkum og er það áhyggjuefni.

Ekki má þó líta á það þannig að öll börn sem eru yfir kjörþyngd séu í áhættuhóp því það er hægt að vera yfir kjörþyngd en fullfrískur og hraustur. En það þarf að meta.

En af hverju erum við þá að hafa áhyggjur af þessu? Hvaða afleiðingar hefur þetta? Vex þetta ekki bara af þeim?

Málið er að of mikill fituvefur í líkamanum getur orsakað álag á líffæri barna alveg eins og hjá fullorðnum. Offita getur síðar leitt til sjúkdóms og aukinnar hættu á ótímabærum dauða vegna hjarta- og æðasjúkdóma, efnaskiptaheilkennis og sykursýki af tegund 2. Offita hefur einnig verið tengd við aukna áhættu á mörgum krabbameinum.

Orsök ofþyngdar hjá börnum



eru margar og til að takast á við það þarf að finna út hvað orsakar það hjá hverju og einu barni að það safnar á sig of miklum fituvef. Mikilvægt er að grípa snemma inn í því snemmtæk íhlutun eykur líkur á langtíma árangri (Haldford, J.C.G, ofl., 2021).

### Hvað get ég gert ef barnið mitt er að þyngjast óæskilega mikið?

Markmiðið ætti oftast að vera að hægja á eða stoppa þyngdaraukningu, sérstaklega ef barnið á eftir að taka út lengdarvöxt.

Skoðaðu hvað þú telur að sé aðalástæðan fyrir því að barnið þitt sé að þyngjast. Spurðu þig þessa spurninga:

**Svefn:** Fær barnið mitt nægan svefn? Vaknar það úthvílt og tilbúið í daginn? Ef Nei, hjálpaðu barninu að breyta því svo það fái nægan svefn. Góð svefnrútína skiptir gríðarlega miklu máli. Settu skjátímareglur í samstarfi við barnið. Börn frá 6-13 ára þurfa 9-11 tíma svefn. 14-17 ára börn þurfa 8-10 tíma svefn.

**Næring:** Borðar barnið morgunmat? (ef ekki gæti það þurfti meiri svefn). Morgunmatur telst vera morgunmatur ef hann er borðaður innan 2 klst frá því að maður vaknar. Borðar barnið reglulega yfir daginn? Borðar barnið grænmeti og ávexti á hverjum degi? Drekkur barnið vatn við þorsta og með mat? Tekur barnið Lýsi eða D vítamín? Kemur fjölskyldan og borðar kvöldmat saman? (án skjátækja). Barnið borðar sætindi, kex og kökur og drekkur gos í hófi. Ef svarið er nei við eitthvað af þessum spurningum, hjálpaðu barninu að breyta því og hjá fjölskyldunni allri ef þarf. Breyttu einu í einu áður en þú breytir næsta.

**Hreyfing:** Hreyfir barnið sig 1 klst á dag svo það mæðist eða svitni? Eyðir barnið minna en 2 klst við skjá á dag? Hreyfir fjölskyldan sig reglulega saman (amk 1x í viku)? Ef svarið er nei við eitthvað af þessum svörum hjálpaðu þá barninu þínu að breyta. Hvettu barnið til að ganga í skólann og æfa íþróttir. Reyndu að draga úr kyrrsetu t.d. með því að setja mörk varðandi skjátíma (já, það má líka hjá unglingum). Hvettu barnið til að taka þátt í heimilisstörfum. Hvernig væri að fara í göngutúr saman eða fara gangandi samferða í vinnu og skóla ef þess er kostur.

**Líðan:** Líður barninu þínu vel? Á barnið þitt vin eða vini? Gengur því vel félagslega? Ef svarið er nei er gott að ræða við barnið um ástæður þess af hverju því líður ekki nógu vel. Reyndu að finna styrkleika barnsins þíns og styrktu þá. Hrósaðu barninu fyrir það sem vel er gert. Gefðu barninu þínu tíma. Verðu tíma með því. Farið saman í göngutúr eða bíltúr eða hvað sem ykkur finnst skemmtilegt að gera saman. Ef þú sem foreldri telur þig ekki geta hjálpað barninu þínu að líða betur skaltu fá aðstoð annarra. Ræddu við vin, skólann, kennarann, skólahjúkrunarfræðingin, heimilislækninn, unglingaráðgjafann eða sálfræðing.

Stundum getur ein breyting leitt af sér aðra breytingu. T.d ef barn sefur nægilega mikið þá líður því betur, það sækir minna í orkuþéttan, næringarsnauðan mat eins og kökur og kex og sæta drykki og því gengur jafnvel betur í samskiptum við aðra.

Annað dæmi, ef hreyfing er aukin, aukast vellíðunarhormón í líkamanum, barninu líður betur, hreyfiþörf er fullnægt, það er kátara og glaðara, á auðveldara með að sofna og sefur betur.

Þetta eru grundvallarþættir sem þarf að skoða vel þegar barn þyngist óæskilega mikið. Stundum getur ástæða fyrir að barn þyngist verið flókin og af margvíslegum ástæðum. Ef þú sem foreldri telur þig þurfa aðstoð og stuðning fyrir barnið þitt er hægt að leita aðstoðar og ráðgjafar hjá t.d skólahjúkrunarfræðingi, heimilislækni eða barnalækni. Mikilvægt er að hafa í huga að öll fjölskyldan þarf að vera samstíga í að velja heilsusamlegri lífshætti. Það er erfitt að breyta um hegðun og það tekur tíma og þolinmæði og það er eðlilegt að það komi bakslög. En þá er bara að byrja aftur þar sem frá var horfið. Ekki gefast upp!

*Bjarnheiður Böðvarsdóttir,*
*hjúkrunarfræðingur*

## FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU**
**Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.**

**Al-Anon Selfossi**
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

**Al-Anon**
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

**AA**
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

**Polskie mitingi**
Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedzialek i czwartek godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

**AA Sporgöngufólk f. alla**
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

**AA opin fundur f. alla**
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

**OA**
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

**CoDA**
**Bataleið frá meðvirkni**
Fundir alla laugardaga kl. 10:30. Hrísholti 8, Selfossi. Nánari upplýsingar á coda.is.

**CoDA-fundur / Meðvirkni**
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

**Leiðin út á þjóðveg**
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

## FÉLAGSSTÖRF

FÉLAG ELDRI BORGARA SELFOSSI – FEB

**OPIÐ HÚS**
Fim. 9. febrúar kl. 14:45.
Heiðar snyrtir flytur erindi.

**AÐALFUNDUR**
Félags eldri borgara á Selfossi verður haldinn fimmtudaginn 23. febrúar nk. Nánar auglýst í næstu Dagskrá.

## ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

## BÍLAR

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11 - 800 Selfoss
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

Klettur Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069
HEKLA

## FUNDIR

**Vöfflukaffi**
Vöfflukaffi laugardaginn 11. febrúar milli kl. 11:00 og 12:00 á Eyravegi 15, Selfossi. Innviðaráðherra Sigurður Ingi Jóhannsson mætir og tekur umræðu líðandi stundar. Allir velkomnir.

## KIRKJUR

**Selfosskirkja**
Sunnudagaskóli sun. 12. feb. kl. 11. Kvöldguðsþjónusta í Selfosskirkju 12. kl. 20 með Valgeiri Guðjónssyni.

**Kálfholtskirkja**
Sunnudaginn 12. febrúar er guðsþjónusta kl. 14.00.

**Aðventistar**
Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 11. febrúar. Biblíulexíur kl. 11 og guðsþjónusta kl 12, Ester Ólafsdóttir prédikar. Verið velkomin.

## ÞJÓNUSTA

**Smiður óskar eftir verkefnum**
Smiður getur tekið að sér viðhald í heimahúsum og sumarhúsum á höfuðborgarsvæðinu, Selfossi eða Hveragerði. Dagvinna, kvöldvinna og/eða helgarvinna. Parket, flísar, samsetning á eldhúsinnréttingum o.fl. Nánari uppl. í síma 777 2265.

# Lög Valgeirs flutt af unglingakór Selfosskirkju

## „Friður á jörð og Verndun Móður jarðar“

Boðið verður upp á samverustund og kvöldmessu í Selfosskirkju kl. 20 þann 12. febrúar. Boðskapur um frið á jörðu og verndun Móður jarðar útfrá flutningi laga og texta Valgeirs Guðjónssonar.

Unglingakór Selfosskirkju undir stjórn Edit Molnár hefur að undanförnu æft lög Valgeirs Guðjónssonar þar sem boðskapur um frið á jörðu og náttúrvernd er undirtónninn.

Það hefur sjaldan verið eins augljóst að við þurfum nú öll að taka höndum saman og tengja hugi þegar kemur að þessu tvennu segir Ásta Kristrún kona Valgeirs, sem kom á samstarfinu við Selfosskirkju.


*Valgeir Guðjónsson, tónlistarmaðurinn ástsæli.*

Valgeir á óhemjufjölda laga í sínum laga- og textabanka, bæði ný og eldri sem við teljum að geti notið sín í flutningi kóra af ólíkum toga. Við höfum örlitla reynslu af slíku samstarfi í einu tilviki voru það tónleikar þar sem flytjendur voru nokkrir barnakórar í Langholtskirkju og einnig tónleikar með Karlakór Rangæinga sem í báðum tilvikum var hreint dásamleg upplifun.

Ófriður í heiminum geisar víða og áhrifa þeirra gætir um heim allan. Það var sannarlega mikið reiðarslag þegar stríðið í Úkraínu braust út sem enn sést ekki fyrir endann á. Eitt laganna sem Valgeir flytur tileinkar hann þeirri þjáðu þjóð á þessu kvöldi.

Uppbyggingasjóður Suðurlands veitti Bakkastofu styrk til að raungera samstarfið hér í okkar byggðarlagi og við vonumst til að kvöldmessan þann 12. febrúar verði upphaf að farsælu samstarfi hér og víðar.

Aðspurð segir Ásta Kristrún að Valgeir muni sjálfur flytja sum laganna og Edit einnig leika undir ef svo ber undir. Séra Arnaldur Bárðarson opnar og leiðir bæn og blessun en ég verð með stuttar hugleiðingar fyrir eða eftir hvert lag og tengi þannig við boðskap þeirra.

Þá segir Ásta að Unglingakórinn komi líka á æfingu í Bakkastofu með stjórnanda sínum, í „ hús skáldsins“ eins og Edit orðar það. Það verður bæði stór og falleg stund, en kórinn skipa 14 stúlkur á aldrinum 13-16 ára. Ég mun gefa þeim ekta heitt Bakkastofusúkkulaði með þeyttum rjóma og án efa líka segja þeim örlítið frá lífi okkar Valgeirs hér á Eyrarbakka. Vera okkar hér er þétt ofin tónlistinni jafnt í núi og frá þeim tíma sem Eyrarbakki varð upphafsreitur tónlistar á Suðurlandi. Að lokum segir Ásta að draumurinn sé að halda kórasamstarfinu áfram með flutningi á lögum Valgeirs og halda þá jafnvel tónleika í Eyrarbakkakirkju í vor og í kringum páska.


# Aðalfundur Rauða krossins í Hveragerði

*verður haldinn þriðjudaginn 28. febrúar kl. 20.00 á Mánamörk 1*

**Dagskrá fundarins:**

- Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- Skýrsla stjórnar um starf deildarinnar á liðnu starfsári.
- Áritaður og skoðaður ársreikningur lagður fram til afgreiðslu.
- Framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár lagðar fram til kynningar.
- Innsendar tillögur skv. 6. mgr. 21. gr.
- Kosning deildarstjórnar skv. 21. og 22. gr.
- Kosning skoðunarmanna og varamanna þeirra. Skv. 22. gr.
- Önnur mál.

Kjörgengir í stjórn og atkvæðarétt hafa allir félagar, 18 ára og eldri, sem greiddu **félagsgjöld fyrir árslok 2022.** Fundurinn er opinn öllum félagsmönnum og sjálfboðaliðum með sjálfboðaliðasamning.

**Rauði krossinn**
**Stjórnin**



*Söngfuglar og strengjasveit á tónleikum 10. nóvember 2022*

# Þematónleikar Tónlistarskóla Árnesinga

Laugardaginn 11. febrúar stendur Tónlistarskóli Árnesinga fyrir tónleikadegi með sex tónleikum á fjórum stöðum í Árnessýslu. Tilefnið er Dagur tónlistarskólanna.

Þema tónleikanna verður Haf og sjómennska. Þematónleikar skipa alltaf sérstakan sess í tónleikahaldi, því þar má heyra fjölmörg lög sem annars eru fáséð á nemendatónleikum. Þá má á öllum tónleikunum sjá og heyra þversnið af hljóðfæravali skólans og söng.

Tónleikarnir verða haldnir í Selfosskirkju kl. 10:00, 12:30 og 15:00, Þorlákskirkju kl. 10:00, Félagsheimilinu Aratungu kl. 12:30 og Hveragerðiskirkju kl. 15:00

Aðgangur að tónleikunum er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir!


HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

# Sumarstörf á Heilbrigðisstofnun Suðurlands

**Vilt þú vinna á framúrskarandi vinnustað?**

Við höfum opnað fyrir umsóknir um sumarstörf og bjóðum upp á fjölbreytt og spennandi störf á **öllum deildum og starfsstöðvum HSU**







Við leitum að:

- Aðstoðarmanni sjúkraþjálfara
- Geislafræðingum
- Heilbrigðisgagnafræðingum
- Hjúkrunarfræðinemum
- Hjúkrunarfræðingum
- Lífeindafræðinganemum
- Lífeindafræðingum
- Ljósmæðranemum
- Ljósmæðrum
- Læknanemum
- Læknum
- Ritara
- Sjúkraflutningafólki
- Sjúkraliðanemum
- Sjúkraliðum
- Starfsfólki í eldhús og býtibúr
- Starfsfólki í innkaupadeild
- Starfsfólki í ræstingu
- Starfsfólki í umönnun

HVERAGERÐI HÖFN Í HORNAFIRÐI KIRKJUBÆJARKLAUSTUR LAUGARÁS
RANGÁRÞING SELFOSS VESTMANNAEYJAR VÍK Í MÝRDAL ÞORLÁKSHÖFN

**Við hvetjum öll til að sækja um á WWW.HSU.IS**

Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2023

FAGMENNSKA VIRÐING SAMVINNA

Heilbrigðisstofnun Suðurlands Heilbrigdisstofnun_sudurlands

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2687 Fimmtudagur 9. febrúar 2023

# Fundu heitt vatn við bakka Ölfusár



Áundandförnum misserum hafa Selfossveitur í samvinnu við ISOR og Ræktunarsamband Flóa og Skeiða unnið ötullega að jarðhitarannsóknum og sem dæmi voru 10 rannsóknarholur boraðar árið 2022.

Með þessum rannsóknum hafa safnast mikilvægar upplýsingar um hvar nýtilegan jarðhita megi mögulega finna og ekki síst hvar fýsilegt sé að sækja frekar fram. Jarðhitaleit er í eðli sínu tímafrek, kostnaðarsöm og henni fylgir alltaf nokkur óvissa.

Það er því ávallt fagnaðarefni þegar vísbendingar fást um að jarðhitaleit gæti verið að skila árangri. Á dögunum var borað niður á heitt vatn í holu SE-40 sem er staðsett norðanmegin við bakka Ölfusár. Fyrstu vísbendingar benda til að þarna sé heitt vatn í vinnanlegu magni en framundan eru aðgerðir til að tryggja holuna sem vinnsluholu og gera frekari prófanir á mögulegri vinnslugetu.

Á þessu stigi málsins er ekki vitað með vissu hversu mikið er hægt að vinna úr holunni en starfsmenn Selfossveitna munu vinna þetta áfram á næstu vikum í samvinnu við ráðgjafa og verktaka.

## Samningur um nýjan leikskóla undirritaður

Einar Freyr Elínarson sveitarstjóri Mýrdalshrepps og Baldur Pálsson framkvæmdastjóri SG húsa undirrituðu í síðustu viku verksamning um byggingu nýs leikskóla í Vík.

Verkið var boðið út í desember sl. og buðu SG Hús lægst í verkið, samtals 409 milljónir kr. Útboðið miðaði að því að skila verkinu á byggingarstigi 3 - tilbúið til innréttingar.

SG Hús buðu jafnframt í viðbótarverkþætti sem miða að því að skila byggingunni frágenginni m.v. byggingarstig 4. Sveitarstjórn samþykkti á fundi 18. janúar sl. að taka tilboði SG Húsa með viðbótarverkþáttum. Heildartilboðsverð er því 475 milljónir kr.

Bygging nýs leikskóla í Vík er stærsta einstaka framkvæmd sem sveitarfélagið hefur ráðist í síðan nýtt íþróttahús var byggt fyrir um 20 árum. Framkvæmdin markar upphafið að umfangsmikilli uppbyggingu sem er liður í því að geta þjónustað vaxandi samfélag. Nýr leikskóli er hannaður fyrir allt að 60 börn og gerir hönnunin ráð fyrir því að hægt sé að stækka hann í framhaldinu. Upphaflega gerði hönnun skólans ráð fyrir því að hann yrði staðsteyptur en ákveðið var sl. haust að bjóða hann aftur út miðað við að hann yrði smíðaður úr verksmiðjuframleiddum einingum.



*Baldur Pálsson framkvæmdastjóri SG Húsa og Einar Freyr Elínarson sveitarstjóri Mýrdalshrepps takast í hendur við undirritun verksamnings. Með á myndinni er Tómas Ellert Tómasson byggingarverkfræðingur SG Húsa.*

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun

HREINSITÆKNI
Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun
Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Bílasprautun - Bíláréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Josera
BRAGÐ AF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Pípulagnir Júlla
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is